

Fordómar í garð trúarbragða



ÍSLAMFÆLNI
VOTTA-JEHÓVA FÆLNI
ÖFGAFÆLNI
ÖNNUR ANDFJÖLTRÚARLEG VIÐHORF
SEM HLUTAR
ÚTLENDINGAFÆLNI (XENOPHOBIA)

Pétur Björgvin Þorsteinsson
Evrópufræðingur (MA)
Djákni og EUF-þjálfari

Inngangur



- Markmiðið er að gefa hugmyndir um það sem hefur áhrif á viðhorf í garð fólks sem trúir og í garð trúarbragða.
- Byggt er m.a. á bók höfundar
 - „Samtal við framandi ... Af hugmyndum tvítugra Íslendinga um fjöltrúarlegar aðstæður”
- Þátttakendur áttu það sammerkt að hafa boðið sig fram til samræðu um trú og trúarbrögð.
 - Hér er ekki farið ofan í viðhorf sem setja öll trúarbrögð í einn pott sem „hættuleg”

9 milljónir urðu fyrir kynþáttaglæpum



- Áætlað er af sérfræðingum ESB að 9 milljónir einstaklinga hafi árið 2004 orðið fyrir kynþáttaglæpum (racist crime) í aðildarlöndum þess.
- Neikvæð viðhorf í garð gyðinga og múslima hafa stigmagnast, jafnvel tekið stökk hin síðustu ár í Evrópu.
- Talað er um endurvakningu útlendingafælni og andfjöltrúarlegra viðhorfa (Streib og fl.).

Dæmi um rannsóknir á Íslandi



- **Viðhorfsrannsókn IMG Gallup fyrir RKÍ 2005:**
 - 15,8% aðspurðra neikvæðir út í að eigin börn giftust útlendingi.
 - 22,2% aðspurðra ósátt við að hafa múslima sem nágretta.
 - 5,6% aðspurðra ósátt við að hafa búddista sem nágretta.
- **Viðhorfakönnun Háskólans á Bifröst 2008:**
 - Höfundar telja afstöðu Íslendinga í garð innflytjenda almennt jákvæðari en í nágrettalöndunum.
 - Spurt var hvort þátttakendur væru sammála eða ósammála fullyrðingunni: „Íslendingar eru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir.” Af þátttakendum á aldrinum 18 – 25 ára voru 53,4% þessu frekar ósammála og 22,4% mjög ósammála.

Dr. Heinz Streib



- „Margir kennarar hafa reynt að taka í hönd nemandans og klifra með honum upp á fjallstind eigin trúarbragða og horfa þaðan úr hæstu hæðum á tindu hinna trúarbragðanna. Þessi áhersla á hinar stóru hefðir og hnattrænu stofnanir á sér aðra hlið þar sem kennarinn kynnir framandleikann til sögunnar. Hinn sorglegi sannleikur við þessa mynd sem hér er dregin upp af heimsmyndinni er að þessi nálgun hlutgerir trúarbrögð hins (og eigin trúarbrögð). Þetta er gildra sem trúarbragðafræðslan hefur fallið of oft í.”

Streib, H. (2001). Inter-religious negotiations: Case studies on students' perception of and dealing with religious diversity. Bls. 130. [Þýðing pbb.]

Útlendingafælni (xenophobia)



- „Fælni við það sem er framandi” (framandifælni) væri um margt réttari íslensk þýðing.
- Skortur er á lagalegum skilgreiningum.
- Talað er um að hér skorti pólitískan vilja.
- Ráðherraráði ESB tókst t.d. ekki árið 2005 að komast að samkomulagi um leiðir í baráttunni gegn kynþáttafordómum og útlendingafælni.



Skilgreining



- Í *Oxford English Dictionary* er orðið „xenophobia” skilgreint sem „sjúkleg hræðsla við útlendinga eða framandi lönd”.
- Útlendingahatur er tilfinning eða skilningur sem byggist á félagslegri ímynd eða hugmyndum en ekki á vitsmunalegum eða hlutlægum staðreyndum.
- Með slíkum skilningi á heiminum eru flókin félagsleg og menningarleg fyrirbæri einfölduð þannig að hlutirnir eru annaðhvort góðir eða slæmir.

Skilgreining frh



- Á vettvangi ESB eru útlendingafælni og kynþáttafordómar bæði sett í eina sæng og skilgreind sem:

„...andúð á einstaklingi eða hópi fólks ef hún ræðst af kynþætti, húðlit, ætterni, trúarbrögðum eða trú, þjóðerni eða kynstofni”

E.U. network of independent experts on fundamental rights. (2005). Bls. 8. [þýðing og undirstrikun þbþ]

Þríflokkun framandfælni



- Fælni í garð kynþáttar eða þjóðarhóps.
 - Á sér birtingarmyndir í fordómum og mismunun í garð einstaklinga sem tilheyra öðrum kynþætti eða þjóðarhópi, t.d. kynþáttahyggja, gyðingaandúð, sinti- og rómaandúð.
- Fælni í garð trúar- og lífsskoðunarhópa.
 - Á sér birtingarmyndir í fordómum og mismunun í garð (formlegra og óformlegra) meðlima ákveðinna trúar- eða lífsskoðunarhópa, t.d. íslamfælni ...
- Fælni í garð minnihlutahópa sem skera sig úr vegna ákveðinna einkenna sem lýsa ekki meirihlutahópnum.
 - Þetta er fjölbreyttur hópur og birtingarmyndirnar fjölmargar, m.a. í garð samkynhneigðra, fatlaðra, flóttafólks eða aldraðra.

Fælni í garð trúar- og lífsskoðunarhópa



- **Virðist eiga sér ýmsar birtingarmyndir:**
 - Fælni við byggingar annarra trúarhópa.
 - Fælni við notkun annarra á eigin byggingum.
 - Fælni í garð þess hver býr í nágrenni mínu.
 - Fælni í garð þess hver giftist inn í fjölskyldu mína.
 - Fælni við að leyfa öðrum að gagnrýna trú mína.
 - Fælni í garð þess að gagnrýna trúarskoðun annarra.
 - Fælni í garð trúskipta.
 - ...

Fælni, andúð, hatur ... gagnrýni



- Umræðu og ábendingum um fælni í garð annarra er ekki ætlað að koma í veg fyrir gagnkvæma gagnrýni.
 - Hún minnir okkur á mikilvægi þess að við séum meðvituð um eigin fælni og leitumst við að láta hana lita sem minnst þá gagnrýni sem við látum frá okkur.
 - Gagnrýni getur verið á vettvangi stjórnmála, siðfræði, heimspeki, náttúruvísindanna, guðfræði ...
 - Gagnrýnin leitast við að vera fagleg, hún byggir á því að hlusta á mótrök, taka gagnrýni í eigin garð og setja fram á skipulegan hátt rök með og á móti.

Dæmi: Íslamfælni



- „Ímyndið ykkur að ég tæki alla sem eru kristinnar trúar, Georg Bush, páfann, Henrik Larsson og Villa óþekktá og gerði úr þeim eina persónu. Þið mynduð hlæja. Hvers vegna? Vegna þess að það væri heimska. En það er nákvæmlega þetta sem vestrið gerir við íslam rétt eins og að milljarður múslima í 50 löndum sem tala hundruð mismunandi tungumála og tilheyra endalaust mörgum þjóðernum væru einn og sami maðurinn. [...] Ég hafna þeirri einföldu mynd sem vestrið dregur upp af múslimum. Ég er Glasgowbúi og Pakistani, unglíngur, kona, kona af íslömskum uppruna sem styður Glasgow Rangers og gengur í kaþólskan skóla. Því ég er skínandi blanda og ég er stolt af því.”

Úr kvíkmyndinni „A fond kiss” Íslensk þýðing þbb.

Líka þekkt á Íslandi



- Ýmsar frásagnir eru til af upplifun trúaðra úr ýmsum kirkjudeildum og trúarhópum um andúð eða ofsóknir í sinn garð:
 - Herkonu úr Hjálpræðishernum var troðið í kartöflusekk og það átti að henda henni í sjóinn við Akureyri á upphafsárum hreyfingarinnar þar.
 - Því hefur verið haldið fram að mestu trúarofsóknir á Íslandi hafi verið í garð mormóna á Íslandi fyrir um rúmri öld.

Samtal við framandi ...



- Hvað er mér framandi í **eigin** trú og trúarbrögðum?
- Hvað er mér framandi í **þinni** trú og trúarbrögðum?
- Dr. Heinz Streib telur rannsóknir sínar, sýna að vandinn felst í því hversu erfitt það er að áætla hvað sé hverjum einstaklingi framandi og hvað kunnuglegt þegar kemur að trúmálum.
 - Nátengt trúarlífi einstaklings.
 - Það hefur sterk áhrif hvort viðkomandi er trúaður eða ekki.

Streib: Trúarhættir (religious styles)



- „Þátttaka manns (helgisiðir), sálrænn styrkur (tákn) og sá skilningur (frásagnir) á trúarbrögðum sem maður tileinkar sér eru allt aðgreindir þættir trúarháttanna sem eiga rætur að rekja til sögu manns og umhverfis. Í gegnum lífið endurspeglar þessir trúarhættir reynslu manns af hinum fjölbreyttu birtingarmyndum trúarbragða í samhengi við hvernig maður hagar mannlegum samskiptum.“

Streib. Íslensk þýðing Bjarni Randver Sigurvinsson.




Hlutdræg undiralda

Sjálflæg undiralda

Gagnkvæm undiralda

Einstaklings og kerfisbundin undiralda

Samræðuleg undiralda



Svipaða flokkun að finna víðar

- Flokkun hjá G. Soldatova:
 - Friendly Foes: “A Stranger among One’s Own People.”
 - Unfriendly Foes: “The We-They psychological opposition.”
 - Unfriendly Foes from among the “not Ours.”
 - Stigmatized Foes: They get a “shameful mark or stamp.”
 - Hostile Foes: “In the category of “nonhumans” or “savages”.



Innlit í rýnihóparannsókn höfundar



- Viðhorf tvítugra einstaklinga á Íslandi í garð annarra trúarbragða könnuð.
- Rýnihóparannsókn getur aldrei gefið meira en hugmyndir um þemu og lagt línur fyrir frekari rannsóknir.
- Niðurstöðurnar gefa til kynna hvaða sjónarmið komu fram í viðkomandi hópum sem voru settir í ákveðnar aðstæður og samhengi, en ekki um almenna sýn aldurs hópsins.

Helstu þemu



- Íslamfælni.
- Votta Jehóva fælni.
- Öfgafælni.
- Óöryggið og þekkingarskorturinn.
- Mat á eigin fordómum.
- Álit á almennu viðmóti Íslendinga í garð hins framandi.
- Persónuleg tengsl, trúskipti og þvertrúarleg hjónabönd.
- Búddismi heillar („en hann er ekki trúarbrögð”).

Íslam – ógn við heimsfriðinn



- Íslamfælni kom fram hjá öllum þátttakendum.
 - Þeir voru misméðvitaðir um eigin fælni í garð íslam.
 - Munur var á því hversu sterk fælnin var.
- Fælnin virðist eiga uppruna sinn í umfjöllun fjölmiðla og ummælum fólks á netinu og víðar í garð íslam.
 - Svo virðist sem þessi umfjöllun og ummæli veki ótta hjá unga fólkinu og það hafi á tilfinningunni að íslam sé ógn við heimsfriðinn

Vottar Jehóva – ógn við heimilisfriðinn



- Votta Jehóva fælni kom fram hjá flestöllum þátttakendum.
 - Þeir eru hins vegar misreiðubúnir til viðræðna um trúarskoðanir við votta Jehóva.
- Þessi fælni virðist eiga uppruna sinn í skoðunum foreldra og jafnvel fyrirskipunum þeirra um að loka hurðinni á votta Jehóva ef þeir banki upp á dyrnar á heimilinu til þess að ræða um trúmál eða kynna starfsemi sína.
 - Svo virðist sem þessi hegðun foreldra í garð Votta Jehóva vekir ugg hjá unga fólkinu, það hafi á tilfinningunni að þeir séu ógn við heimilisfriðinn.

Öfgar – ógn við sálarfriðinn



- Öfgafælni var einnig greinanleg hjá öllum þátttakendum.
 - Hafði missterkar myndir í hópunum og hjá einstaklingunum.
- Leiða má að því líkur að þessi fælni eigi rætur í óöryggi unga fólksins:
 - hvað varðar skilgreiningar á eigin trú og trúarskoðunum
 - hversu óvant það virðist að tjá sig um þær tilfinningar sem tengjast trú
 - eigin trúarafstöðu og
 - því að spegla sig í trúarskoðunum annarra.

Skortur á fræðslu, en ekki trúboð takk



- Unga fólkinu finnst að hvorki það né foreldrar þeirra hafi fengið þá fræðslu sem þau þyrftu til þess að vera undirbúin fyrir samtal og samskipti við önnur trúarbrögð.
- Það virtist nokkuð samdóma álit allra þátttakenda að hið frjálsslynda Ísland ætti sér landamæri sem væru dregin þar sem trúboð og öfgar [oftar en ekki nefnt saman] hefjast.
- Mörg deildu þeirri sýn að viðhorf íbúa á Íslandi væru heilbrigð og frjálsslynd, væru „normið”, önnur viðhorf afbrigðileg (framandi fælni).

Bann við trúskiptum



- Einn þátttakandi gekk svo langt að vilja banna trúskipti:

...bara fáránlegt, það á náttúrulega bara að vera ólöglegt að það sé verið að hvetja fólk til að skipta um trú. Þetta er ekki eins og að skipta um tryggingafyrirtæki.

Eigin fordómar



- Nota sjálf aðeins orðið „fordómar” til að lýsa eigin viðhorfi eða viðhorfi annarra sem þau álíta vera rangt, ósanngjarnt eða viðhorf sem þarfnast endurskoðunar
- Lítið gefin fyrir alhæfingar en átta sig oft en ekki á að stór hluti fordóma er ómeðvitaður

„Það er ekkert allt í rugli og það var ekkert allt í rugli þar. Þó það hafi verið þú veist eitthvað. Það er alltaf eitthvað gott og það er alveg hellingur af slæmu hjá okkur.”

Íslendingurinn og hið framandi



- Hið ríkjandi stef: Lífsskoðanir Íslendinga flokkaðar sem frjálslyndar [af því að við hugsum svo lítið um trú] en viðhorf Íslendinga í garð annarra skoðana lýst sem þröngsýni [af því að við viljum svo lítið ræða trúmál]

„Þau [útlendingar] eiga ekki eins erfitt með að aðlaga sig að okkar trú heldur en við myndum þurfa að gera að þeirra. Úti snýst svo mikið um trúna. Það er eiginlega allt daglegt líf bundið við trúna.”

„Ég held að Íslendingar séu bara mjög fordómafullir út í önnur trúarbrögð. / Ég held að við Íslendingar séum sérstaklega þröngsýnir.”

Trúfélagsaðild vs. virkni í trúarstarfi



- Þetta viðhorf var undantekning í rýnihópunum:
 - Stúlka úr þjóðkirkjunni: *„Ég held að ég gæti skipt um trúarbrögð ... ef það myndi til dæmis vera gyðingur ... ég held að mér þætti það ekkert mikið mál en ég held að ég myndi ekki [vilja gerast] múslimi, ekki fara í hvítasunnu, ekki votta Jehóva.“*
- Almennt virtust þau ekki reiðubúin til að skipta um trú, en sum gátu hugsað sér þvertrúarleg hjónabönd, ef hinn væri ekki of virkur í sinni trú:
 - Drengur úr þjóðkirkjunni: *„Hann er ekkert að reyna að troða inn á hana trú og hún er ekki að reyna að troða inn á hann trú. Þá gengur þetta alveg. Þetta er eins og áhugamál. Meina, fólk þarf ekki bæði að spila golf til að hjónabandið gangi.“*

„Þá myndi ég bara labba í burt“



- Ef persónuleg tengsl við (vinnu)félaga sköpuðust fyrst og náðu að treystast áður en „maður frétti óvart“ að hann/hún væri annarrar trúar og „samt bara vestrænn eins og við“ og trúmál honum/henni ekki mikilvæg, þá var viðkomandi tekin(n) í sátt.
- En hugmyndinni um að maki eða kærasti skipti um trú var mjög illa tekið:
 - „Ég yrði ógeðslega reið“
- Hugmyndinni um að maki eða kærasti kæmi með einhvern í heimsókn til að upplýsa hinn aðilann um hvað trúfélagið stæði fyrir var tekið enn verr:
 - „Þá myndi ég bara labba í burt!“

Sérstaða Hvítasunnuhreyfingarinnar



- **Krossinn og Fíladelfía:**
 - Fá á sig mjög sterka gagnrýni
 - Eru einu trúfélögin í þessari rannsókn sem eiga sér sterka málssvara meðal fólks sem þó hvorki tók þátt í starfi þeirra né tilheyrði þeim.
- **Skoðanir með og á móti Hvítasunnuhreyfingunni:**
 - ígrundaðri
 - leiða má að því líkum að hér sé umræðan æfðari og þróaðri en hvað viðkemur öðrum trúarhreyfingum
 - Forsvarsmenn þessara hreyfinga jafnvel þekktir með nafni.

Búddismi heillar



- Búddismi hafði þá sérstöðu að þátttakendur voru allir jákvæðir út í þessa lífsskoðun.
 - Margir litu ekki á búddisma sem trúarbrögð.
- Jákvæðni í garð búddisma:
 - Búddin því að um lífsstíl sé að ræða sem settur er við hlið íslenskrar hefðar.
- Jákvæðnin nær ekki til trúskipta:
 - „Ég held ekki að það sé litið niður á búddista á Íslandi. / Ég held að það sé ekki litið niður á búddista neins staðar.“

Ísland, trú og hefðir



- Þau vilja jólamatinn hennar mömmu, páskaeggjð eins og alltaf og ætla að láta skíra barnið sitt og giftast í kirkju, jafnvel þau sem lýsa eigin afstöðu með orðinu „trúleysi” og segjast gera það hefðarinnar vegna.
- Þau þekkja flest lítið til annarra trúfélaga á Íslandi en þjóðkirkjunnar og gera sér enga grein fyrir stærðum þeirra.
- Þau eru almennt mjög gagnrýnin í garð þjóðkirkju og skólakerfis, prestar prediki í stað þess að fræða og kristinfræðikennarar boði trú í stað þess að fræða.
- Ásatrú álitin sem hluti íslenskrar hefðar við hlið kristinnar hefðar, ekki sem „alvöru trú” heldur sem farvegur miðlunar íslenskra bókmennta.

Viðbætur: „Já, stundum!” / Trúskipti: „Nei!”



- Leiða má að því líkum að unga fólkinu þyki í lagi, jafnvel eftirsóknarvert, að fara ekki eftir því sem ríkjandi trúarstofnanir boða en halda samt í helstu hefðir.
- Hefðir virðast snúa að eigin heimilishefðarækni en einnig að hefðum í samfélaginu, tilvist bygginga og helgirýma talin mikilvæg, þar sem hefðbundnar athafnir geti áfram farið fram, jafnvel með veraldlegum eða fjöltrúarlegum viðbótum á meðan það er ekki metin sem ógn við eigin hefðir (eitthvað sem gæti komið í staðinn fyrir eða skemmt fyrir).

Lausnir þeirra



- Eiga almennt erfitt með að átta sig á fjölbreytileika hins fjöltrúarlega samhengis og þar með erfitt að benda á lausnir.
 - Þau þeirra sem hafa haft lítil tengsl við önnur trúarbrögð leita lausna í þekkingarmiðlun.
 - Þau sem hafa reynslu af öðrum trúarbrögðum telja að lausnir sé að finna í samræðum um viðhorf og kerfisbreytingum.
 - Sumir vilja banna trú á opinberum vettvangi.
 - Aðrir vilja að aðstaða allra trúfélaga á opinberum vettvangi verði jöfnuð.

Að menningarvæða hið framandi



- **Tek undir með Streib og fleirum:**
 - Trúarbragðafræðsla þarf að snúa að því að menningarvæða hið framandi
 - Færni er mikilvægari en þekking eða a.m.k. jafn mikilvæg.
 - Ekki kenna fyrst um búddisma í skólabekknunum ef enginn búddisti er í bekknum og ekki er búið að ræða um öll þau trúarbrögð sem eiga beina snertifleti inn í bekkjarsamfélagið – þau þurfa hjálp við að skilgreina og skilja eigið litla bekkjarsamfélag áður en þau halda út í hinn stóra, ókannaða heim.

Bækur sem ég mæli með



- **Religious diversity and intercultural education: a reference book for schools.**
 - Sjá kynningu mína á:
www.pb.is/skrar/File/bokarkynningar/Religious_diversity.pdf
- **Combatin racism and xenophobia through criminal legislation:**
 - The situation in the EU member states. Hægt að nálgast á:
www.ec.europa.eu/justice_home/cfr_cdf/doc/executive_summary_5_2005.pdf
- **Sjá einnig heimildaskrá í bókinni minni**
 - einnig hægt að nálgast á:
www.pb.is/skrar/File/Samtal_vid_framandi/samtal_vid_framandi_heimildaskra.pdf

Takk fyrir



Pétur Björgvin Þorsteinsson
Evrópufræðingur (MA)

Djákni í Gleráarkirkju

Þjálfari á vettvangi Evrópu Unga Fólksins

petur@glerarkirkja.is

864 8451 / <http://pb.is>



Trú mín, trú þín – fimm myndir skv. Streib



- Streib greinir fimm myndir hins framandi í viðhorfum til trúar og trúarbragða.
 - Greinir einnig fimm myndir hins kunnuglega í viðhorfum til trúar og trúarbragða
 - Telur að það sé samspilið hér á milli sem máli skiptir í samskiptum fólks í samhengi trúar og trúarbragða
 - Forvitnin er lykilatriði; ef hún fær að vera ráðandi verður flæðið á milli hins kunnuglega og hins framandi eðlilegt

Viðbót (-:

Áskorun - Forvitni




- Hið framandi í eigin trú eða trúarbrögðum annarra fær á sig mynd sem felur í sér áskorun en þykir um leið forvitnileg.



Þetta er framandi – „okei” það tilheyrir þér!



- Myndin sem birtist af hinu framandi í trú eða trúarbrögðum annarra er túlkuð sem hið framandi sem tilheyrir öðrum og jafnvel látin afskipt.



Vá hvað þetta er framandi, en sjáðu sko mitt!



- Brugðist er við áhrifum myndarinnar sem birtist af hinu framandi í trú eða trúarbrögðum annarra með vörn eða á annan hátt til að jafnvægi skapist.



Hjálp mér, best að koma ekki nálægt þessu!



- Upplifun af og viðbrögð við myndum af framandi trú og trúarbrögðum annarra leiða til óttablandinnar fælni.



Nei, nú er nóg komið, farðu burt!



- Framandi trúarbrögð og allt sem er framandi fær á sig mynd sem veldur sterkum óttatilfinningum og leiða til viðbragða sem einkennast af blindri reiði og flótta.



Hið kunnuglega sem hluti af sjálfsmyndinni



- Hið kunnuglega hefur á sér mynd hinnar vel þekktu upplifunar og þekkingar og er hluti af sjálfsmynd viðkomandi.



Hið kunnuglega sem hluti af samsömun

- Hið kunnuglega hefur á sér mynd velkunnugrar þekkingar og er hluti af samsömun viðkomandi.



Hið kunnuglega er það sem ég get brugðist við



- Hið kunnuglega fær á sig birtingarmyndir æfðra viðbragða þar sem haldreipið er eigin trúarbrögð.



Hið kunnuglega kemur úr og er í mínum heimi

- Hið kunnuglega verður að sjálflægri mynd þar sem eigin trú fyllir út í hana að mestu.



Ef það er ekki í og úr mínum heimi, er það ekki ...



- Hið kunnuglega verður að „blindri” sannfæringu um ágæti eigin trúarbragða, þau séu hin einu réttu

